

Ferðaskilmálar

FEB-ferðir er hjáheiti ferðaskrifstofu Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB)

FEB-ferðir leitast við að tryggja að verð sem birtast á heimasíðu FEB/FEB-ferða byggist á réttum útreikningum og séu endanleg verð ferða. Öll verð eru í Íslenskum krónum. Verð ferða eru staðfest við greiðslu.

Bókanir og greiðslur

Almennt er hægt er að bóka ferð með **FEB-ferðum** í síma 588 2111, með tölvupósti á netfangið feb@feb.is eða á skrifstofu FEB í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík.

Ferð er staðfest um leið og lágmarksfjöldi farþega hefur staðfest bókun sína. Ef lágmarksfjöldi er ekki náð fyrir brottför er ferð aflýst. Ef hætta verður við ferð af hálfu **FEB-ferða**, skal farþega endurgreidd ferðin að fullu. Þá er farþegum bent á að kynna sér forfallatryggingar tryggingarféлага og þær tryggingar sem innifaldar eru, sé ferð greidd með greiðslukorti.

Tekið er við helstu greiðslukortum, hægt er að greiða í gegnum síma. Upphæðina má leggja inn á reikning: 0133-26-3999, kennitala: 490486-3999 og skal þá koma fram hver leggur inn og fyrir hvaða ferð, á innlagnarseðli. Að auki er gott að senda afrit af millifærslunni á netfangið feb@feb.is. Þá er hægt að koma við á skrifstofu FEB/FEB-ferða í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík.

Staðfestingargjald

Greiða þarf staðfestingargjald fyrir lengri ferðir og fæst það ekki endurgreitt. Upphæð staðfestingargjalds (oftast um 15-25% af heildar verði), hvenær skal greiða staðfestingargjald er misjafnt eftir ferðum og er tiltekið í upplýsingapakka leiðangurs sem hægt er að nálgast heimasíðu FEB og/eða í tölvupóstsamskiptum milli viðskiptavinar og **FEB-ferða** í bókunarferli.

Afbókanir

Allar afbókunarbeiðnir þurfa að berast með tölvupósti á netfangið feb@feb.is eða símleiðis í síma 588 2111 eða mæta á skrifstofu FEB. Í samræmi við lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun (*IV.Kafli 15.gr.*) er ferðaskipuleggjanda heimilt að innheimta afbókunargjöld frá farþegum sem samsvarar áætluðum tekjumissi.

Dagsferðir á Íslandi

- Afbókanir sem berast meira en 2 virkum dögum fyrir brottför eru endurgreiddar að fullu.
- Afbókanir sem berast innan 2 virka daga fást ekki endurgreiddar.

Ferðir með gistingu á Íslandi:

- 50% af virði ferðar fæst endurgreitt ef afbókun berst 14 - 30 dögum, eða fyrr, fyrir brottför ferðar.
- 25% af virði ferðar fæst endurgreitt ef afbókun berst 8 – 13 dögum fyrir brottfarardag.
- 0% af virði ferðar fæst endurgreitt ef bókun berst innan 7 daga fyrir brottfarardag.

Ferðir með gistingu og flugi á Íslandi og utanlandsferðir:

- 85% af virði ferðar fæst endurgreitt ef afbókun berst 60 dögum, eða fyrr, fyrir brottför ferðar.
- 50% af virði ferðar fæst endurgreitt ef afbókun berst 30 - 59 dögum fyrir brottfarardag.
- 25% af virði ferðar fæst endurgreitt ef afbókun berst 16 - 29 dögum fyrir brottfarardag.
- 0% af virði ferðar fæst endurgreitt ef afbókun berst innan 15 daga fyrir brottfarardag.

Breytingar með skömmum fyrirvara:

Ef óskað er eftir breytingu á staðfestri þjónustu innan sjö daga fyrir brottfarardag er mögulegt að breytingargjald bætist við heildarkostnað ferðar.

Tryggingar

Við ráðleggjum öllum okkar viðskiptavinum að vera með ferðatryggingu. Athugið að ef ferðatrygging viðskiptavinar er innifalin í greiðslukorti, þarf oftast að greiða ferðina að hluta til eða að fullu með tilheyrandi greiðslukorti.

Við hvetjum viðskiptavinum okkar að kynna sér vel skilmála hjá sínu tryggingarfélagi/kortafyrirtæki.

Skyldur þátttakenda

Farþegar skulu hlíta fyrir mælum fararstjóra eða starfsfólks þeirra aðila sem **FEB-ferðir** skipta við. Farþegi skal einnig hlíta lögum og reglum opinberra aðila í þeim löndum sem hann ferðast um, taka tillit til samferðarmanna sinna og hlíta þeim reglum er gilda í flutningatækjum, áningarstöðum (flughöfnum o.þ.u.l.), gisti- og matsölustöðum o.s.frv., enda ber hann ábyrgð á tjóni sem hann kann að valda með framkomu sinni.

Brjótir farþegi af sér í þessum efnum eða gefi við upphaf ferðar tilefni til þess að ætla að hann verði samferðafólki sínu til ama með framkomu sinni, er ferðaskrifstofu heimilt að hindra hann í að hefja ferð sína eða halda henni áfram og verður hann þá að ljúka henni á sinn kostnað, án endurkröfuréttar á hendur ferðaskrifstofu.

Gert er ráð fyrir að heilsa þátttakenda í hópferðum sé þannig að ekki sé hætt á að þeir valdi öðrum óþægindum eða tefji ferðina vegna sjúkdóms. Ef farþegi veikist í hópferð ber hann sjálfur ábyrgð á kostnaði sem af því kann að hljóta sem og kostnaði við heimferðina. Farþegi á ekki rétt til endurgreiðslu þó hann ljúki ekki ferð af þessum ástæðum eða öðrum, sem ferðaskrifstofunni verður ekki um kennt.

Komi upp einhver vandamál í ferð skal umsvifalaust gera fararstjóra viðvart sem reynir að greiða úr vandanum og leysa hann á staðnum. Takist það ekki getur farþegi sent skriflega kvörtun um málið til **FEB-ferða** eins fljótt og unnt er og í síðasta lagi innan mánaðar frá því að ferð lauk, annars verða hugsanlegar bótakröfur ekki teknar til greina. Komi farþegi ekki umkvörtunarefni sínu á framfæri við fararstjóra meðan á ferð stendur fyrirgerir farþegi rétti sínum til hugsanlegra bóta.

Annað

Allar kvartanir verða að berast **FEB-ferðum** innan 5 daga frá brottfarardegi.

FEB-ferðir áskilja sér rétt til að breyta ferðatilhögun vegna veðurs eða akstursaðstæðna. Öllum ferðum getur verið breytt eða aflýst fyrirvaralaust á meðan ferð stendur, til að tryggja öryggi viðskiptavina og starfsmanna **FEB-ferða**. Engin ábyrgð er tekin á tapi, kostnaði vegna tafa, breytinga á flugi eða annarri þjónustu eða vegna verkfalla, slysa, skemmda, gáleysis, veðurs, stríðs, breyttum áætlunum eða öðrum þessháttar tilvikum. **FEB-ferðir** bera ekki ábyrgð á slysum eða dauðsföllum sem hægt er að rekja til gáleysis þátttakenda, aðgerðum þriðja aðila eða utanaðkomandi aðstæðna eins og veðurfars, náttúruhamfara, stríðs eða annarra álíka tilvika.

(byggt á Lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun (2018 nr. 95) ásamt reglugerð um alferðir)